


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 1 af 2	SPÆ 203	Námsætlun haustönn 2016

Kennari	Auður Inga Ólafsdóttir	Sk.st.	AUÐ
----------------	------------------------	---------------	-----

Námsgögn:

- ¡ Nos vemos! 1-A1, Libro del alumno og Cuaderno (**bláar bækur**) Útg.: Difusión 2010 og 2012.

- Orðabækur og tölvuorðabækur á Moodle.

Moodle aðgangur: spæ103 (engin bil).

Áætlun um yfirferð:


Vika	Dagsetning	Libro del alumno	Cuaderno de ejercicios	Námsmat
33	19./8	Kynning á áfanga		Upprifjun
34	22.-26./8	Mæta með kennslubók – kafli 6	æf. 1-5	
35	29/8.-2./9	Kafli 6	æf. 6-8	
36	5.-9./9	Kafli 6	æf. 9-16	Moodle verkefni I
37	12.-16./9	Kafli 7	æf. 1-5	Stöðupróf I
38	19.-23./9	Kafli 7	æf. 6-10	
39	26. - 30./9	Kafli 7	æf. 11-17	
40	03.-7./10	Kafli 8 MIRADOR – Námsmatsvika	Sjálfstæð vinna	Upprifjunarkafli
41	10.-14./10	Kafli 9	æf. 1-5	
42	17-21./10	Kafli 9	æf.6-12	
43	24.-28/10	Kafli 9 -afm. Helga magra 24/10	æf.13-17	Moodle verkefni II
44	31/10.-4./11	Kafli 10	æf.1-8	Stöðupróf II
45	07-11/11	Kafli 10	æf. 9-16	
46	14-18/11	Kafli 11	æf. 1-9	Hlustun og munnlegt verkefni
47	21-25/11	Kafli 11	æf.10-16	
48	28/11-02/12	Kafli 12 MIRADOR	Sjálfstæð vinna	Upprifjunarkafli

-Birt með fyrirvara um breytingar-

Námsmat og vægi námsþátta:

Tvö stöðupróf	10% hvert próf (alls 20%)
Tvö Moodle verkefni	5% hvort (alls 10%)
Tvö skrifleg verkefni	5% hvort (alls 10%)
Hlustun og munnlegt verkefni	10%
Lokapróf	50%
Alls:	100%

ANNAÐ: Notkun síma eða annara raftækja er BÖNNUÐ nema með sérstöku leyfi kennara. Endurtekin brot á ákvæðum skólareglna og/eða endurtekin mæting án námsgagna varðar brottrekstur úr tíma. Nemanda ber að ljúka öllum námsþáttum annarinnar. Einkunn 0 er gefin fyrir verkefni/prófi sem ekki er skilað inni og nemandi fær EKKI annað tækifæri til að skila, nema ef sérstakar óviðráðanlegar aðstæður hafi komið upp. Nemandi ber sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með hvenær stöðupróf eru haldin, hvenær Moodle er opið fyrir verkefni osfr.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	SPÆ 203	Námsáætlun haustönn 2016

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið einfaldan texta um kunnugleg efni. Lögð er áhersla á lesskilningsþjálfun s.s. tal, hlustun og ritun, með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður og geti spurt og svarað einföldum spurningum. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning spænskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi í kennslutímum. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og nemendum er kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðun þessa áfanga
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávorp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Dagsetning: 17.08.2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengills